5. gr.

Liðir undir greinum 2, 3 og 4 skulu hækka í samræmi við byggingarvísitölu um hver áramót.

Miða skal við byggingarvísitölu 1. desember 2000 en hún var 245,8 stig.

Samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar 16. janúar 2001.

Búðardal, 17. janúar 2001.

Einar Mathiesen sveitarstjóri.

18. janúar 2001 Nr. 67

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hveragerðis. B-hluti.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Hveragerðis (HH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu hitaorku, sbr. reglugerð fyrir HH nr. 320/2000 ásamt þeim breytingum, sem síðar kunna að hafa verið gerðar á henni.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-hluta sem fjallar um almenna afhendingu hitaorku á veitusvæði HH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á heimæðagjöldum, mælaleigu og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

B-hluta sem sýnir gildandi verð fyrir heitt vatn, jarðgufu og önnur gjöld á hverjum tíma.

2. gr.

Verðskrá.

2.1 Verð fyrir hitaorku.

A.1 Almenn notkun, dreifikerfi I:		
Vatnsgjald	53,50	kr./m^3
Fast gjald	6.181,00	kr./ár
A.2 Almenn notkun, dreifikerfi II og III:		
Vatnsgjald	260,40	kr./m^2
Fast gjald	6.181,00	kr./ár
A.3 Garðyrkjunotkun, dreifikerfi II:		
Vatnsgjald	260,40	kr./m^2
Fast gjald	15.461,00	kr./ár
A.4 Iðnaðarnotkun, dreifikerfi II:		
Vatnsgjald	260,40	kr./m^2
Jarðgufugjald	0,96	kr./kWh
Fast gjald	6.181,00	kr./ár

Flatarmál húsa er reiknað skv. reiknireglum FMR.

2.2 Heimæðagjald.

B.1 Hús minni en 2.000 m^3:		
Fast gjald	99.225,00	kr.
Rúmmetrar umfram 600 m^3	63,00	kr./m^3
B.2 Hús stærri en 2.000 m^3:		
Fast gjald	187.425,00	kr.
Rúmmetrar umfram 2.000 m^3	42,00	kr./m^3

Rúmmetrar umfram 600 m^3 reiknast ekki á einbýlis-, rað- og parhús.

2.3 Innheimtugjald.

C.1 Innheimtugjald hitaveitu	470,00	kr.

2.4 Lokunargjald.

D.1 Lokunargjald hitaveitu	1.575,00	kr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, B-hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis, B-hluti, nr. 330, 3. maí 2000.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. janúar 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

Nr. 68 18. janúar 2001

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Húnaþings vestra.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húnaþings vestra selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Húnaþings vestra og hún hefur umráðarétt yfir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfesta af iðnaðarráðherra nr. 63/2001 fyrir Hitaveitu Húnaþings vestra.

2. gr.

Hitaveita Húnaþings vestra lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja rennslismæli eða stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við rúmmetra samkvæmt rennslismælinum eða það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð rennslismæla og hemla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.